

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

- a. Í stað 1. másl. 1. mgr. koma tveir málsliðir, svohljóðandi: Beingreiðsla er stuðningur við framleiðslu og markað fyrir mjólkurafurðir, greiddur úr ríkissjóði til greiðslumarkshafa. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um útfærslu beingreiðslna og annarra greiðslna til eigenda nautgripa samkvæmt samningi ríkisstjórnar Íslands við Bændasamtök Íslands, sbr. a-lið 30. gr., að fengnum tillögum framkvæmda- nefndar búvörusamninga.
- b. 2. mgr. fellur brott.

## 6. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Um framleiðslu og greiðslumark mjólkur 2005–2012.**

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskildum 3.–6. gr. þeirra sem öðlast gildi 1. september 2005.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Guðni Ágústsson.*

## LÖG

**um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000,  
um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Gjöld samkvæmt lögum þessum renna til reksturs Fiskistofu.

## 2. gr.

Á undan orðinu „aflahlutdeildar“ í 3. gr. laganna kemur: sóknardaga.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2004.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Árni M. Mathiesen.*